



Velkomin

**til samstarfs um
leikskólabarnið!**

Welcome

**to a partnership
regarding your
preschool child!**



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Enska

VELKOMIN TIL SAMSTARFS

Við bjóðum þér til samstarfs með gagnkvæma virðingu, traust og umhyggju að leiðarljósi!



Í leikskólanum er lögð áhersla á gott samstarf við alla foreldra með velferð barnsins að leiðarljósi. Styrkur hvers leikskólasamfélags felst í fjölbreyttum og virkum foreldrahópi. Því er mikilvægt að leita margvíslegra leiða í samstarfi leikskóla og fjölskyldna. Stofnað er til foreldrasamstarfs á jafnréttisgrundvelli þar sem foreldrar eru sérfræðingar í málefnum barna sinna og leikskólakennarar sérfræðingar í námsumhverfi þeirra. Samstarf um barnið er snar þáttur í leikskólastarfinu, s.s. á foreldrafundum, í viðtölum og ekki síst daglegum samskiptum. Þannig byggist upp sameiginleg þekking starfsfólks og foreldra á sérhverju barni, þroska þess og líðan í barnahópnum.



***Foreldrar eru
sérfræðingar
í barninu sínu***

Your invitation to cooperation with mutual respect, trust and care as guiding principles!

In preschools emphasis is put on active partnership with all parents with the welfare of the child as its guiding principle. The strength of each preschool community is found in a diverse and active group of parents. Therefore, it is important to seek various ways of partnership between the preschool and families.

Parent partnership is founded on the basis of equality whereas the parents are specialists in issues regarding their children, and preschool teachers are specialists in their educational environment. Partnership regarding the child is a vital factor in the work of the preschool, for example in parent meetings, interviews and not least in daily interaction. Thus a common knowledge is developed by the staff and parents regarding every child, its development and how it feels in the group of children.

***Parents are
specialists
in their child***



Hverjar eru þarfir barnsins?

Í hverjum leikskóla er ákveðið í samráði við foreldra hvernig skuli staðið að aðlögun barnsins. Foreldrar eru hér í aðalhlutverki og af þeim læra leikskólakennarar og annað starfsfólk að annast barnið og þekkja styrkleika þess og þarfir.

Í sumum tilfellum er aðeins eitt barn í aðlögun í einu en oft er hópur barna tekinn inn í leikskólann á sama tíma. Stundum lengist viðveran dag frá degi en í öðrum tilfellum er gert ráð fyrir nærveru og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu í ákveðinn tíma. Frá fyrsta degi er lögð áhersla á að byggja upp góð tengsl á milli leikskólans og fjölskyldu barnsins.

Upplýsingum um leikskólastarfið er miðlað á kynningarfundum og í viðtölum, ýmist í leikskólanum eða á heimili barnsins. Foreldrar veita leikskólastarfsfólki upplýsingar um barnið og bakgrunn þess. Þær geta verið um styrkleika og skapgerð, uppáhaldsleikföng, bækur, tónlist eða leikfélaga, fjölskyldugerð, móðurmál eða annað sem foreldrar telja mikilvægt.

Meiri líkur eru á farsælu samstarfi um barnið ef foreldrar og starfsfólk þekkja vel aðstæður og sjónarmið hvers annars. Foreldrar, sem eru virkir þátttakendur í starfsemi leikskólans, eru líka öruggari um vellíðan og velferð barna sinna. Rannsóknir sýna að barnið tekur meiri framförum og er líklegra til að ná betri árangri þegar fram í sækir ef gott samstarf er á milli foreldra og leikskóla.




What are the needs of the child?

Each preschool determines, in collaboration with the parents, how to best conduct the adaptation of the child. Parents play the principal role here while the preschool teachers and other staff members learn from them to care for the child, knowing its strengths and needs.

In some cases there is only one child in adaptation at a time, but often a group of children joins the preschool at the same time. Sometimes attendance is lengthened from day to day, but in other cases the presence and participation of the parents in the preschool activities is expected for a certain amount of time. From day one, emphasis is placed on building good relations between the preschool and the child's family.

Details about preschool activities is shared at information meetings and during interviews, either at the preschool or in the child's home. Parents provide preschool staff information about the child and its background. This can be regarding the child's strengths and character, favourite toys, books, music, playmates, family type, mother tongue or other issues that the parents find important.

Successful partnership regarding the child is more likely if parents and staff know well each other's circumstances and opinions. Parents who are active participants in the activities of the preschool are also more secure about the wellbeing of their children. Research shows that children make better progress and are more likely to enjoy greater success further down the road if the partnership between the parents and the preschool is good.



Foreldraviðtöl

Í leikskólum Reykjavíkur er boðið upp á regluleg foreldraviðtöl einu sinni eða tvisvar á ári. Rætt er um líðan barnsins, þroska þess og þarfir. Foreldrar eru hvattir til að biðja um viðtal og samráðsfundi hvenær sem þurfa þykir.

Í foreldraviðtölum eru sett fram markmið um þroska og framfarir barnsins sem unnið skal að í leikskólanum og heima. Tekið er mið af áhugasviði, hæfileikum og styrk barnsins, enda snýst samstarfið fyrst og fremst um að byggja upp sterkan einstakling og hvetja hann til dáða. Foreldrar og leikskólakennarar þekkja vel styrkleika og veikleika barnsins og því er samráð þeirra mikilvægt. Eins er mikilvægt að rödd barnsins heyrir því það hefur oft aðrar hugmyndir um styrk sinn en fullorðna fólkið.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir í leikskólanum a.m.k. einu sinni á ári. Þar er farið yfir skipulag og starfsáætlanir leikskólans eða foreldrum boðið upp á fræðslu um skólastarfið og þroska barna. Auk þessa geta fundirnir verið vettvangur fyrir málefni sem foreldrafélagið vill ræða. Foreldrafundir eru ýmist ætlaðir foreldrum einnar deildar eða allra barna í leikskólanum.



***Hlutdeild foreldra gerir
gott leikskólastarf enn
betra***

Parent interviews

Preschools in Reykjavík offer parent interviews regularly, once or twice yearly. They are intended to discuss the child's feelings, development and needs. Parents are encouraged to ask for an interview and consultation whenever they feel it is needed.

During parent interviews goals are put forth regarding the development and progress of the child that should be worked on at the preschool and at home. The fields of interest, talents and strengths of the child are taken into account, while the purpose of this partnership is primarily to raise a strong individual and to function as an encouragement for the child. As parents and preschool teachers know the strengths and weaknesses of the child well, their collaboration is important. It is also important that the voice of the child is heard as the child's ideas about its own strengths is often different from those of adults.

Parent meetings

Parent meetings are held in the preschool at least once every year. There the organization and work plans of the preschool are reviewed or parents may be invited to receive instruction about the school work and child development. The meetings can also be a venue to introduce issues that the parents association wishes to discuss. Parent meetings can either be intended for parents of children in of one the school's units or all of the children in the preschool.

***Involvement of parents
makes good preschool
work even better***



***„Pabbi og mamma gætu
komið og leikið við okkur
alls konar, úti og inni.“***

Leikskólabarn



Hvað getur þú gert til að stuðla að velferð barnsins þíns í leikskólanum?

- Sýnt starfi barnsins í leikskólanum lifandi áhuga og tekið virkan þátt í því.
- Spurt barnið um líðan þess og viðburði dagsins.
- Hlustað á barnið.
- Notað hvert tækifæri sem gefst til að koma í leikskólann og kynnast reynsluheimi barnsins og starfsdegi þess.
- Hjálpað barninu að leita lausna komi upp vandamál í samskiptum þess við önnur börn eða starfsfólk leikskólans.
- Verið vakandi fyrir því sem barnið gerir vel og hrósað því.
- Talað fallega um önnur börn, starfsfólk og starfið í leikskólanum.
- Aflað upplýsinga um leikskólastarfið ef eitthvað er óljóst.
- Veitt kennurum og starfsfólki upplýsingar um allt sem gæti haft áhrif á líðan og hegðun barnsins.
- Aflað upplýsinga um fagstarfið í leikskólanum, hugmyndafræði, barnahópin og skipulag.
- Leitað leiða til að kynnast betur öðrum börnum í leikskólanum og foreldrum þeirra.

***“Daddy and mommy could
come and play with us,
outdoors and indoors.”***

A preschool child



What can you do to contribute to the welfare of your child in the preschool?

- Show active interest in what the child is working on in the preschool and actively participate in it.
- Ask the child how it is feeling and about the activities of the day.
- Listen to the child.
- Use every available opportunity to visit the preschool and get to know the environment the child is experiencing and how it passes the day.
- Help the child to find solutions if problems arise in interaction with other children or the preschool staff.
- Stay alert to what the child does well and compliment the child.
- Speak well of other children, staff and the activities of the preschool.
- Gather information about the activities of the preschool if something is unclear.
- Give teachers and staff information about everything that could influence how the child feels and its behaviour.
- Gather information about the professional activities of the preschool, its ideology, the group of children and its organization.
- Seek ways to get to know other children in the preschool and their parents.

Þarf barnið þitt sértæka þjónustu?

Ef grunur vaknar um hegðunar- eða þroskafrávik hjá barni ber leikskólastjóra samkvæmt lögum að bregðast við þeim vanda. Í samráði við foreldra er gerð skrifleg áætlun um íhlutun þótt ekki liggi fyrir staðfesting sérfræðings á þroskafrávikum.

Ef farið er fram á athugun eða ráðgjöf frá sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvar er tilvísun fyllt út í samráði við foreldra. Sú þjónusta getur m.a. falist í sálfræðilegri athugun, talkennslu, sérkennsluráðgjöf eða félagsráðgjöf.

Foreldrar eiga ávallt að vera vel upplýstir um aðgerðir leikskólans varðandi þjálfun og nám barnsins og þeir eiga að veita upplýsingar sem skipta máli fyrir velferð þess og leikskólastarfið.



Does your child need specialized services?

If there is suspicion about behavioural or developmental delays with a child, the director of the preschool is obligated by law to respond to that problem. In cooperation with the parents a written plan is drawn up regarding intervention, even though confirmation from a specialist regarding the possible development delays has not been received.

If an observation or consultation from the specialized services of the Social Service Centres is requested, a referral is filled out in cooperation with the parents. Those services can for example be a psychological consultation, speech therapy, special education consultation or consultation with a social worker.

Parents should always be well informed about the preschool's intervention regarding the training and education of the child and they should provide information that is relevant to the child's welfare and the activities of the preschool.



Hverjir fá upplýsingar um barnið þitt?

Upplýsingar um barnið fá þeir einir sem koma að umönnun þess og námi. Ef miðla þarf upplýsingum til annarra utan leikskólans er það ávallt gert með vitund foreldra.

Í leikskólum ríkir þagnarskylda. Allir starfsmenn skrifa undir þagnarheit um málefni og aðstæður sérhvers barns. Því er óheimilt að gefa foreldrum upplýsingar um annarra manna börn. Það eru vinsamleg tilmæli til foreldra að þeir virði þá þagnarskyldu sem ríkir í leikskólanum og ræði ekki út á við um það sem þeir verða áskynja um málefni og aðstæður annarra barna.

Þegar börn hætta í leikskóla og byrja í grunnskóla eiga persónulegar upplýsingar að fylgja þeim á milli skólastiga svo unnt sé að mæta sérhverju barni þar sem það er statt á þroskabrautinni. Slík upplýsingagjöf á einnig við ef barn skiptir um leikskóla. Foreldrar skulu upplýstir um hvaða upplýsingum er miðlað á milli skóla en það er lagaleg skylda leikskólastjóra og annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins að koma þeim til skila.



***„Ég elska fjölskylduna mína
svo mikið að það nær upp í
gluggann í geimnum.
Já, eiginlega bara út um
allt húsið þar uppi!“***

Leikskólabarn

Who receives information regarding your child?

Information about the child is only given to those who are involved in its care and education. If information needs to be shared with others outside the preschool, it is always done with the knowledge of the parents.

Preschools adhere to a code of confidentiality. All staff-members sign an oath of silence regarding the issues and circumstances of each child. They are not permitted to give parents information about other people's children. Parents are kindly asked to respect the preschool's code of confidentiality and to not discuss outside of it anything they might observe about issues and circumstances of other children.

When children leave preschool and start compulsory school, their personal information should be transferred between school stages to make it possible to meet each child at the stage of development it is at at that time. Such sharing of information also takes place if the child changes preschools. Parents shall be informed about what information is shared between schools and it is the legal duty of the director of the preschool and other specialists working for the municipality to deliver this information.

***"I love my family so much
that it reaches up through
the window out into space.
Yes, actually all over the
house up there!"***

A preschool child



Mat foreldra og barna á skólastarfi

Leikskólastarfsfólki ber að meta árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku barna og foreldra. Það er liður í því að efla fagstarfið og um leið foreldrasamstarfið. Þátttaka foreldra og barna í mati á leikskólastarfinu er mikilvæg og getur verið með margvíslegum hætti. Mikilvægt er að fá fram sjónarmið allra og að hver og einn meti starfið út frá eigin forsendum. Niðurstöður nýtast til umbóta og áætlanagerða um stefnumótun skólans, hugmyndafræði og skipulag fagstarfsins.

Leikskólasvið sendir reglulega út viðhorfskönnun til foreldra þar sem þeir eru beðnir um að meta ýmsa þætti í innra starfi leikskólans. Markmið slíkra kannana er að bæta þjónustu leikskólans, skipuleggja betur fagstarfið og stuðla að stöðugri framþróun.

***„Við myndum kenna foreldrunum
að vinna í leikskólanum og þau
myndu vilja koma.“***

Leikskólabarn



Foreldraráð

Við hvern leikskóla starfar foreldraráð. Því er ætlað að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólaráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir um starfsemi leikskólans, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla. Foreldraráðið fylgist jafnframt með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana í leikskólanum og kynningu þeirra. Foreldraráð hefur umsagnarétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu.

Foreldrafélög

Í leikskólum eru starfandi foreldrafélög. Hlutverk þeirra er að styðja við leikskólastarfið, stuðla að velferð barnanna og efla samskipti foreldra innbyrðis og við leikskólann.

Á heimasíðu leikskólans eiga að vera upplýsingar um foreldrafélagið, kjörna fulltrúa í foreldraráði og fundagerðir.

Parent's and children's evaluation of the schoolwork

Preschool staff is obligated to evaluate the results and quality of the schoolwork with active participation from children and parents. It is a part of the promotion of the professional work and simultaneously the parents' partnership. Participation of parents and children in evaluating the work of the preschools is important and can take various forms. It is important to obtain the views of all concerned and that everyone evaluates the work from their own perspective. The results are used for improvement and planning for the school's policy, ideology and organization of the professional work.

The Preschool Division regularly sends opinion polls to parents where they are asked to evaluate various factors in the internal work of the

preschool. The purpose of these polls is to improve the preschools, better organize their professional work and contribute to continuous progress.

“We would teach the parents to work in the preschool and they would like to come.”

A preschool child

Parent Councils

At every preschool there is a parent council. It is tasked with giving commentaries to the preschool and the Preschool Council on the school curriculum and other plans, in accordance with art. 2(4), of the law on preschools. The parent council also monitors the implementation of the curriculum, other plans for the preschool and disseminating information about them. The parent council has the right to give commentaries on all major changes in the preschool work.

Parent Associations

Most preschools have active parent associations. They support the work in the preschool, contribute towards the welfare of the children and promote interaction among the parents and the preschool. Information about the parent association, elected members of the parents council and minutes from meetings should be found on the preschool's website.

Velkomin



Áheyrnarfulltrúi frá samtökum foreldrafélaga í Reykjavík, Börnunum okkar, situr fundi menntaráðs Reykjavíkur og er talsmaður foreldra við Leikskólasvið.

A representative the coalition of Parent's Associations in Reykjavík, Börnunum okkar, attends meetings of the Reykjavík Education Council as an observer and acts as a spokesperson of parents for the Preschool Division.



Leikskólasvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
leikskolasvid@reykjavik.is

Útg. 2011